

Föstudaginn 12. desember 1986.

Nr. 285/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hilmari Gísli Gunnarssyni

(Örn Clausen hrl.)

Sæbirni Sigurðssyni og

Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 13. október 1986. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms þó þannig að refsing verði þyngd.

Lagður hefur verið fram í málinu nýr útreikningur yfir verðmæti þýfisins og er það talið nema 558.056,25 krónum miðað við heildsöluverð.

Fallast má á það með héraðsdómara að ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, hafi verið aðalmaður í þjófnaðinum, þótt hann tæki ekki þátt í að brjóta upp húsið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin málsvarnar- og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, allt eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur og ákærðu, Sæbjörn Sigurðsson og Valentínus Guðmundur Baldvinsson, greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-

lögmanns, 18.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 18.000,00 krónur greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. september 1986.

Ár 1986, föstudaginn 19. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálin nr. 473-475/1986: Ákærvaldið gegn Hilmarí Gísla Gunnarssyni, Sæbirni Sigurðssyni og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 28. ágúst 1986 gegn ákærðu Hilmarí Gísla Gunnarssyni, iðnnema, Reykási 27, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 28. ágúst 1963, Snæbirni (sic) Sigurðssyni, verkamanni, Gyðufelli 14, Reykjavík, fæddum á Hellissandi 25. mars 1956 og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, verkamanni, Lækjarkinn 30, Hafnarfirði, fæddum á Akranesi 16. mars 1960, „fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 13. febrúar 1986 staðið saman að því að brjótast inn í kjötgeymslu Afurðasölu SÍS við Fífuhvamsveg í Kópavogi og stela þar 1.960 kílóum af nautakjöti.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt fimmtudagsins 13. febrúar sl. brutust ákærðu Valentínus Guðmundur og Sæbjörn í félagi inn í frystigeymslu afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga sem er til húsa í frystihúsi Barðans h/f við Fífuhvamsveg í Kópavogi. Komust þeir inn með því að sprengja upp lás á lúgu á austurhlið hússins. Þarna hugðust þeir stela nautakjötsskrokkum. Þá fyrr um kvöldið tók ákærði Valentínus Guðmundur á leigu sendiferðabifreið í þessum tilgangi. Ók ákærði Sæbjörn honum í bílaleiguna og þaðan var ekið á innbrotsstað. Nokkrum dögum áður hafði ákærði Sæbjörn skýrt ákærða Valentínusi Guðmundi frá því að þarna væri möguleiki að ná í kjöt, en ákærði Sæbjörn vann þá við beitingar í sama húsnæði og var því kunnugur staðhátum.

Ákærðu hófu síðan að flytja kjötið í sendibílinn sem þeir höfðu ekið að lúgunni. Skömmu síðar kom ákærði Hilmar Gísli á staðinn og hjálpaði þeim að lesta afganginn í bílinn. Að því búnu óku ákærðu Valentínus Guðmundur og Hilmar Gísli að vélaleigunni Brimrás við Fossháls 27 hér

í borg, þar sem þeir skildu hana eftir yfir nóttina. Ákærði Sæbjörn varð eftir á staðnum til að ganga frá.

Næsta morgun fóru ákærðu Valentínus Guðmundur og Hilmar Gísli á sendiferðabílnum í verslunina Kjötmiðstöðina við Laugalæk. Ók ákærði Valentínus Guðmundur bílnum á bak við verslunina á meðan ákærði Hilmar Gísli hafði tal af verslunareigandanum. Kvöldið áður, skömmu áður en ákærði Valentínus Guðmundur tók sendiferðabílinn á leigu, hringdi hann í eiganda Kjötmiðstöðvarinnar og kvaðst hafa kjöt til sölu. Var um það rétt að ákærði skyldi koma með það næsta morgun, en ekki skýrði ákærði frá því hvernig kjötið væri til komið. Er ákærðu komu að máli við kaupmanninn hafði honum borist til eyrna frá RLR að í umferð væri stolið kjöt. Ákærði Hilmar Gísli lét sig þá hverfa af staðnum, en kaupmaðurinn fór með ákærða Valentínus Guðmund til framkvæmdastjóra Afurðasölu SÍS sem þegar í stað kallaði RLR á vettvang og handtók ákærða.

Við vigtun á nautakjöti því sem var í sendiferðabílnum, þá er ákærði Valentínus Guðmundur var handtekinn, reyndist það vera 1.960 kg. Var kjötið þegar í stað flutt í afurðasölu sambandsins við Kirkjusand. Samkvæmt skriflegri staðfestingu Steinþórs Þorsteinssonar framkvæmdastjóra var heildaverðmæti kjötsins þann 14. febrúar um kr. 478.910.

Ákærði Hilmar Gísli hefur haldið því fram að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugað innbrot meðákærðu nokkrum dögum áður, en hann ekki tekið ákvörðun um það hvort hann tæki þátt í því. Hann hafi verið að leita að ákærða Valentínusi Guðmundi umrætt fimmtudagskvöld og dottið í hug að fara á vinnustað ákærða Sæbjörns í afurðasöluna til að spyrjast fyrir um ákærða Valentínus Guðmund. Er hann kom á staðinn, voru meðákærðu í óða önn að flytja kjötið og ákvað hann þá að hjálpa þeim.

Ákærði Valentínus Guðmundur hefur borið að meðákærða Hilmar Gísla hafi verið kunnugt um fyrirhugað innbrot þeirra Sæbjörns. Þegar þeir Sæbjörn hafi ákveðið að láta til skarar skríða hafi ekki náðst í Hilmar Gísla, en hins vegar hafi Hilmar Gísli haft spurnir af því að hann hafi verið að spyrjast fyrir um sig og hann því komið á staðinn.

Brot ákærðu allra varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu:

Ákærða Hilmar Gísla:

Hann gekkst árið 1984 undir dómsátt vegna umferðarlagabrots. Þá var hann það sama ár dæmdur til greiðslu 12.000 kr. sektar vegna ölvunar við akstur o.fl. umferðarlagabrota, svo og sviptur ökuleyfi.

Ákærða Sæbjörns:

Árið 1975 gekkst hann undir dómsátt með sektargreiðslu vegna brots

gegn 231. og 257. gr. alm. hgl. Þá var hann árið 1977 dæmdur í 20 daga varðhald skb. í 2 ár fyrir brot gegn 218. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærða Valentínusar Guðmundar:

Frá árinu 1978 hefur hann 7 sinnum gengist undir dómsátt, þar af tvívegis fyrir brot gegn hegningarlögum, árið 1978 fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. og árið 1984 fyrir brot gegn 248. gr. og 256. gr. Þá hefur hann hlotið þessa refsíðoma:

1981 6/4 30 daga varðhald skb. í 2 ár og 3.000 kr. sekt fyrir nytjastuld og ölvun við akstur. Svíptur ökuréttindum.

1981 29/12 9.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Svíptur ökuleyfi.

Brot ákærðu allra varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Pegar litið er til aldurs ákærðu, verðmæti þýfisins og þess að brotið var fyrirfram ákveðið af ákærðu í sameiningu þykir þrátt fyrir að ekki varð tjón af háttsemi þeirra rétt að dæma þá til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, ákærðu Hilmar Gísla og Sæbjörn í 3 mánuði hvorn og ákærða Valentínus Guðmund í 4 mánuði. Rétt þykir að draga frá refsingu Valentínusar Guðmundar gæsluvarðhaldsvist þá er hann sætti frá kl. 13:35 þann 15. febrúar 1986 til kl. 16:27 sama dag, þ.e. einn dag.

Ekki hefur verið lögð fram bótakrafa í máli þessu.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði, Sæbjörn Sigurðsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti 4 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans 1 dagur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.